

Stefanec gegn Tékklandi

Dómur frá 18. júlí 2006

Mál nr. 75615/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórnvaldssektir. Aðgangur að dómstólum. Mótmæli. Skýrleiki lagaheimildar.

1. Málsatvik

Kærandi, Milan Stefanec, er tékkneskur ríkisborgari, fæddur 1973 og búsettur í Brno. Hinn 22. maí 2000 tilkynnti ónafngreindur maður borgarráði Brno að hann hygðist skipuleggja friðsamlega mótmælagöngu hinn 27. maí til að leggja áherslu á skaðvænleg áhrif umferðar á umhverfið og heilsu borgarbúa. Borgarráð bannaði gönguna á þeim forsendum að hún gæti verið hættuleg fyrir þátttakendur, auk þess sem það væri andstætt almannahagsmunum að loka akstursleiðum vegna göngunnar. Ákvörðun borgarráðs var skotið til héraðsdóms. Gangan fór fram 27. maí en héraðsdómur staðfesti bann borgarráðs daginn eftir, 28. maí. Við mótmælin notaði kærandi gjallarhorn í þeim tilgangi að eiga samskipti við lögreglu, koma áleiðis skilaboðum frá stjórnvöldum og upplýsa mótmælendur um að gangan hefði verið bönnuð en niðurstöðu dómstóla væri að vænta. Hinn 7. september 2000 gerði svæðisráð Brno kæranda að greiða sekt að upphæð u.þ.b. 17,50 evrur þar sem hann hefði brotið gegn lögum um rétt manna til að safnast saman enda hefði kærandi skipulagt mótmælagöngu í leyfisleysi. Kærandi skaut málinu til dómstóla sem vísuðu kæru hans frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að hann gæti ekki fengið sektarákvörðun stjórnvalda endurskoðaða af dómstólum. Jafnframt mótmælti hann sektinni sem stjórnvöld ákváðu. Hann byggði á 1. mgr. 6. gr. og 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að það væri ekki í ósamræmi við sáttmálann að stjórnvöld gerðu mönnum sektir vegna smávægilegra afbrota. Hins vegar væri rétturinn til að vísa slíkum sektum til dómstóla verndaður af 6. gr. sáttmálans. Þar sem kærandi gat ekki vísað ágreiningsmálinu til dómstóla var brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 6. gr.

Um 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að við málsmeðferð sína hefðu stjórnvöld sérstaklega vísað til þess sem kærandi hefði sagt meðan á göngunni stóð. Því hefði sektin falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvort tékknesk lög væru nægjanlega fyrirsjáanleg varðandi það hvenær maður teldist skipuleggjandi samkomu og hvenær sekta hann fyrir brot á lögnum. Dómstóllinn taldi kæranda ekki skipuleggjanda göngunnar í skilningi laganna, heldur hefði hann verið milligöngumaður og nýtt sér tæknibúnað sinn til að koma tilkynningum og skilaboðum áleiðis. Kærandi bað þátttakendur í göngunni ekki um að dreifa sér heldur sagði hann þeim að stjórnvöld hefðu með valdníðslu bannað gönguna. Dómstóllinn taldi tékknesk stjórnvöld því ekki hafa sektað hann vegna þess að hann væri skipuleggjandi göngunnar, heldur vegna þess sem hann sagði við þátttakendur í göngunni. Það var álit dómstólsins að með túlkun sinni á lögnum hefðu stjórnvöld rýmkað gildissvið þeirra svo að ómögulegt hefði verið að sjá slíkt fyrir. Þá ættu refsíákvæði að vera skýr varðandi það hvenær refsingar mætti vænta. Dómstóllinn taldi því skilyrði ekki fullnægt, sér í lagi þegar tekið væri tillit til þess að tveimur öðrum mönnum sem sakaðir voru um sams konar brot og kærandi, var ekki gert að greiða sekt. Var það því niðurstaða dómstólsins að 14. gr. laganna um rétt manna til að safnast saman væri ekki nægjanlega fyrirsjáanleg eða skýr til að beita mætti henni með þessum hætti gagnvart kæranda.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 34 evrur í skaðabætur og 1.012 evrur í málskostnað en talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur.